



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Garðabær

Garðatorgi 7
210 Garðabær

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.10.18
Málalýkill	09.0
Mál nr.	18060/3

Reykjavík 15.10.2018

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 3. október 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Sundahöfn

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. í maí 2018 vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 fyrir Sundahöfn.

Kynning stóð til og með 28. júní 2018: Eftirtaldir aðilar sendu umsagnir:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 14. júní 2018, Vegagerðin dags. 19. júní 2018, Skipulagsstofnun dags. 21. júní 2018, Garðabær dags. 3. júlí 2018, Umhverfisstofnun dags. 4. júlí 2018, samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 24. ágúst 2018 og Seltjarnarnesbær dags. 29. ágúst 2018.

Einnig er lögð fram drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. í september 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst að stækka hafnarsvæðið (H4) í Sundahöfn með landfyllingum við Klettagarða og Skarfabakka-Kleppsbakka ásamt umhverfisskýrslu VSÓ ráðgjafar dags. í september 2018.

Samþykkt að kynna drög að tillögu, sbr. 2. mgr., 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Drögin verði send á hagsmunaaðila og verða aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Ann María Andreassen

Erindi er sent til umsagnar og er bent á að senda svar á skipulag@reykjavik.is. Kynning stendur til og með 7. nóvember 2018. Gögn eru aðgengileg á reykjavik.is undir skipulag í kynningu.

Sent til Faxeafloahafnir, Hafnarfjarðarbær, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Hvalfjarðarsveit, Íbúasamtök Laugardals, Kjósahreppur, Kópavogsbær, Minjastofnun Íslands, Mosfellsbær, OR / Veitur ohf, Samtök sveitarf. á höfuðborgarsvæðinu, Seltjarnarnesbær, Skipulagsstofnun, Sveitarfélagið Bláskógabyggð, Sveitarfélagið Ölfus, Umhverfis- og heilbrigðisráð, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis